

# HÚSÖNDIN

19.tbl. 1.árg.  
13.júní 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 14.-20. JÚNÍ 2018

14.6 *Lovísa Gestsdóttir*

15.6 *Anna Ewa Soja, Kinga Kuc, Marta Sif Baldvinsdóttir,  
Vésteinn Vésteinnsson*

16.6 *Hulda María Hólm Tryggvadóttir*

17.6 *Helgi Aðalsteinn Þorsteinsson*

18.6 *Grétar Rafn Leví Gíslason*

20.6 *Hallgrímur Páll Leifsson*



## 17. JÚNÍ Í HÖFÐA

Hátíðarhöld í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga verða í Höfða,  
sunnudaginn 17. júní.

Dagskráin hefst á flötinni í Höfða kl. 14:00.

Boðið verður uppá fría andlitsmálningu og candy floss  
og hefst andlitsmálun kl. 13:30 inni á flöt.

Einnig verða fánar og rellur til sölu á 300 kr. stk.

Eftir að formlegri dagskrá lýkur ætlum við  
að fara í ratleik og grilla pylsur.

Hvetjum alla til að mæta og skemmta sér saman í tilefni dagsins!

Kvenfélag Mývatnssveitar og Skútustaðahreppur



## LENGDUR OPNUNARTÍMI Í LÍKAMSRÆKTINA OPIÐ FRÁ 5.30 TIL MIÐNÆTTIS

Kæru Mývetningar. Frá og með fimmtudeginum 14. júní verður stóraukin þjónusta í Íþróttamiðstöðinni. Þá verður hægt að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma.

Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í ræktinni til miðnættis). Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.

Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

Nánari upplýsingar eru veittar á heimasíðu Skútustaðahrepps

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

## UPPSETNING, VIÐHALD OG VIÐGERÐIR


Tek að mér uppsetningu, viðhald og viðgerðir á rafeinda, tölvu, net og annarsskonar rafbúnaði. Þjallaðu á mig ef þú ert í vanda. 20 ára reynsla  
Sími 8520480 Ásgeir. [asgith@gmail.com](mailto:asgith@gmail.com)

Aðalfundur Velferðasjóðs Þingeyinga verður haldinn  
mánudaginn 18.júní í Bjarnahúsi á Húsavík, klukkan 17:00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.  
f.h.sjóðsins  
Örnólfur Jóhannes Ólafsson

Minnum á aðalfund Reykjahlíðarsóknar sem verður  
haldinn í kvöld, miðvikudaginn 13 júní  
kl 20.30 í Reykjahlíðarkirkju.  
Réttur vettvangur til að láta sig málefni safnaðarins varða.

Sóknarnefndin



## Kæru sveitungar

Við á N-listanum viljum þakka þeim sem studdu okkur í liðnum kosningum. Það er einlæg ósk okkar að samstarfið verði farsælt á kjörtímabilinu. Við munum leggja okkur fram um að starfa af heiðarleika með hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi.

Bestu þakkir,  
N-listinn



## SÖFNUN Á BROTAJÁRNI, BÍLHRÆJUM OG TIMBRI FRAMLENGT TIL 20. JÚNÍ

Dagana 23. maí til 20. júní verður Mývetningum boðið upp á viðamikla söfnun á brotajárni, bílhræjum, þakjárnri, timbri og fleira stórvægilegu, ykkur að kostnaðarlausu. Vegna frábærra undirtekta er búið að framlengja söfnunina um eina viku (frá 13. til 20. júní).

Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng tekur að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Athugið að hringja þarf í Sigurð með nokkurra daga fyrirvara í síma 892 0157 svo hann geti skipulagt ferðirnar.

Ábúendur í Mývatnssveit eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til í því að fegra umhverfið okkar.

Skútustaðahreppur

# Ágætu Þingeyingar

Helgina 12.-15. júlí verður sannkölluð íþróttaveisla í boði á Sauðárkróki þegar bæði Landsmót UMFÍ og Landsmót UMFÍ 50+ verða haldin. Landsmótið er með alveg nýjum blæ að þessu sinni, horfið hefur verið frá stigakeppni milli sambandsaðila og getur hver sem er tekið þátt í Landsmótunum, óháð félagsaðild.



Hver og einn einstaklingur skráir sig til leiks á eigin forsendum, hvort sem er til keppni í einni eða fleirum af um 30 keppnisgreinum sem eru í boði, eða til að láta vaða í greinum þar sem boðið er upp á leiðsögn og kennslu. Þannig býr hver þátttakandi til sína eigin dagskrá á Landsmótinu.

Greinar eru ýmist í blönduðum kynjaflokkum, karla- og kvennaflokkum og sumar eru aldursskiptar. Skrá þarf í *Láttu vaða* greinar líkt og keppnisgreinar.

## KEPPNISGREINAR Í FLOKKUM 50 ÁRA+:

- Boccia** Sveitakeppni. Þrír skipa sveit og það má hafa einn varamann.
- Crossfit** Einstaklingskeppni, 3 WOD.
- Endurocross** Vélahjólakeppni á sérstakri braut. Keppt samkvæmt reglum MSÍ.
- Fjallahjólreiðar** Ca. 2km hringbraut á malarvegi, moldartroðningi og slóða innan um tré og runna. Hjólað er í 40 mínútur. Hækkun er um 50m
- Fótbolti 3:3** 3:3. Litlir vellir með lítil mörk. Leiktími áætlaður 1x8 mín/leik
- Frisbígolf** 9 holu völlum í miðjum bænum. Spilaðar eru 2 x 9 holur.
- Frjálsíþróttir** Greinar: 100 m hlaup, 800 m hlaup, langstökk, kúluvarp, spjótkast
- Golf** 18 holu punktkeppni með og án forgjafar.
- Göтуhjólrreiðar** Blönduhlíðarhringur, 65 km. Ræsing og endamark á Sauðárkróki.
- Göтуhlaup** 10 km vottað hlaup. Hlaupið er á malbiki og er brautin lokuð –öðrum.
- Karfa/Streetball** Ein karfa á plastvelli utanhúss, 3:3, max 5 í liði. Leiktími er 1x8 mín.
- Körfubolti 3:3** Ein karfa 3:3, max 5 í liði. Áætlaður leiktími er 1x8 mín.
- Pútt** Einstaklingskeppni og liðakeppni með 4 í hverri sveit.
- Pönnukökubakstur** Sjá kröfur á [www.landsmotid.is](http://www.landsmotid.is)
- Ringó** 4:4, max 7 í liði. Spilað á blakvelli
- Stígvélakast** Keppt verður með Nokia stígvélum. Nr. 43 KK og nr. 39 KVK
- Strandblak** 2:2, tvær konur eða karl og kona, max 3 í liði. 8 mín. eða upp í 15 stig
- Sund** 50m skrið; 50m flug; 100m bringa; 50m bak; 100m skrið; Reglur SSÍ.
- Prautabraut** 50 metrar af ævintýri og skemmtun á uppblásinni braut.

## **LÁTTU VAÐA – prófaðu greinar undir leiðsögn og kennslu**

Amerískur fótbolti – Bandí – Biathlon – Bogfimi – Brennibolti – Crossfit – Danssmiðja (Ballroom, Disco, Gömlu dansarnir, Linudans, Salsa) – Fimleikar – Fitness – Fótboltabílljard – Fótboltapanna – Fótbolti 3:3 – Frisbígolf – Frjálsar íþróttir – Glíma – Golf – Gönguferðir – Júdo – Krolf – Metabolic - Ólympískar lyftingar – Petanque – Ringó – Sjósund – Skokk – Útivist – Vatnsleikfimi – Yoga – Zumba – Þriggja tinda ganga (Mælifellshnjúkur, Tindastóll, Molduxi)

## **KEPPNISGREINAR Í FLOKKUM 18 ÁRA OG ELÐRI:**

<b>Bandí</b>	3:3, max 6 í liði. Tveir 4 liða riðlar. Leiktími er áætlaður 1x 5 mín/leik
<b>Biathlon</b>	4x 800m hringur, 5 skifur í 10m fjarlægð. Rafmagnsrifflar (á staðnum).
<b>Bogfimi</b>	Sveigbogar, 12 m. Bogar verða til staðar fyrir keppendur.
<b>Brennibolti</b>	Líkt og í grunnskóla, nánari reglur á <a href="http://www.landsmotid.is">www.landsmotid.is</a>
<b>Bridds</b>	Monrad. 4 – 6 skipa hverja sveit. 7 umferðir. 8 spila í hverjum leik
<b>Crossfit</b>	Einstaklingskeppni, 3 WOD.
<b>Endurocross</b>	Vélahjólakeppni á sérstakri braut. Keppt samkvæmt reglum MSÍ.
<b>Fjallahjólreiðar</b>	Ca. 2km hringbraut á malarvegi, moldartroðningi og slóða innan um tré og runna. Hjólað er í 40 mínútur. Hækkun er um 50m
<b>Fótboltapanna</b>	Leikið er á átthyrndum battavelli. Leikið er 1:1, leiktími um 2 mín/leik
<b>Fótbolti 3:3</b>	3:3. Litlir vellir með lítil mörk. Leiktími áætlaður 1x8 mín/leik
<b>Frisbíggolf</b>	9 holu völlum í miðjum bænum. Spilaðar eru 2 x 9 holur.
<b>Glíma</b>	Hópglíma, allir við alla. Reglur GLÍ
<b>Golf</b>	18 holu punktkeppni með og án forgjafar.
<b>Götu hjólreiðar</b>	Blönduhlíðarhringur, 65 km. Ræsing og endamark á Sauðárkróki.
<b>Götu hlaup</b>	10 km vottað hlaup. Hlaupið er á malbiki og er brautin lokuð –öðrum.
<b>Hjólaskíðaganga</b>	100m sprettganga á götum bæjarins.
<b>Körfubolti 3:3</b>	Ein karfa 3:3, max 5 í liði. Áætlaður leiktími er 1x8 mín.
<b>Karfa/Streetball</b>	Ein karfa á plastvelli utanhúss, 3:3, max 5 í liði. Leiktími er 1x8 mín.
<b>Linudans</b>	Hópakeppni 5 eða fleiri. Tveir dansar að eigin vali, max 2 mín hvor
<b>Metabolic</b>	Einstaklings-, para- og liðakeppni. 8-10 æfingar
<b>Ólympískar lyftingar</b>	Jafnhendingu og Snörun. Samanlagður árangur. Þyngdarflokkar
<b>Pönnukökubakstur</b>	Sjá kröfur á <a href="http://www.landsmotid.is">www.landsmotid.is</a>
<b>Sandhlaup</b>	7 km hlaup á ströndinni að Vatnabru og til baka
<b>Skák</b>	Atskákir 25 mín eftir Monradkerfi. Tefldar verða 5 umferðir
<b>Skotfimi</b>	Riffill BR 50 22 kal. Haglabýssa, skeet. Reglur STÍ
<b>Stígvélakast</b>	Kept verður með Nokia stígvélum. Nr. 43 KK og nr. 39 KVK
<b>Strandblak</b>	2:2, tvær konur eða karl og kona, max 3 í liði. 8 mín. eða upp í 15 stig
<b>Strandfótbolti</b>	5:5, max 6 í liði. Handboltamörk. Áætlaður leiktími er 1x8 mín
<b>Strandhandbolti</b>	Handbolti með skemmtilegu ívafi
<b>Sund</b>	100m frjáls aðferð í karla og kvenna 18-29 ára og 30-49 ára
<b>Prautabraut</b>	50 metrar af ævintýri og skemmtun á uppblásinni braut

Frekari upplýsingar og skráning er á <https://www.landsmotid.is/>

Landsmótsnefnd HSP og Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna,  
[hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is) sími 896-3107

HSP á fésbók: <https://www.facebook.com/heradssambandthingeyinga/>